



Reykjavík, 22. september 2011

## ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði miðvikudaginn 21. september 2011 vegna tilkynningar mótanefndar KLÍ, dags. 16. september 2011, þar sem tilkynnt var að lið ÍR-KLS hefði ekki mætt til keppni í Meistarakeppni KLÍ fimmtudagskvöldið 15. september 2011. Jafnframt kom fram í tilkynningunni að mótanefnd hefði ekki verið látin vita að liðið hygðist ekki mæta til leiks umrætt sinn.

Aganefnd óskaði eftir upplýsingum, með tölvupósti dags. 17. september 2011, hvers vegna lið ÍR-KLS mætti ekki til leiks umrætt sinn, og hvort skipuleggjendum meistarakeppninnar hefði verið tilkynnt að liðið myndi ekki mæta til leiks. Tölvupósturinn var sendur á Arnar Sæbergsson fyrirliða ÍR-KLS. Halldóra Íris Ingvarsdóttir formaður keiludeildar ÍR fékk póstinn jafnframt í afriti. Veittur var frestur til þriðjudagsins 20. september 2011, klukkan 13:00, til þess að koma sjónarmiðum og upplýsingum á framfæri. Engar skýringar bárust aganefndinni.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.e. tilkynningar mótanefndar. Var það niðurstaða aganefndar að lið ÍR-KLS hefði ekki mætt til leiks í meistarakeppninni án þess að hafa fyrir því gilda ástæðu. Í því sambandi var það niðurstaða aganefndar að ÍR-KLS hefði brotið af sér sem lið á grundvelli 11. gr. reglugerðar um aganefnd KLÍ og um leið sýnt af sér grófa óíþróttamannslega framkomu með því að virða umrædda meistarakeppni að vettugi.

Í ljósi framangreinds telur aganefnd rétt að sekta ÍR-KLS að fjárhæð kr. 14.000 sem jafngildir tvöfaldri brautarleigu. Jafnframt er það niðurstaða aganefndar að leikmönnum liðsins skuli veitt, hverjum og einum, 2 refsistig.

Það er niðurstaða aganefndar, jafnvel þó hún telji að liðið í heild hafi sýnt af sér grófa óíþróttamannslega framkomu, að refsing sé hæfilega ákveðin, eins og hér háttar til, með veitingu tveggja refsistiga á hvern leikmann auk framangreindrar sektargreiðslu.



Við ákvörðun sektarfjárhæðar, horfði aganefnd til ákvæða í reglugerðum um Íslandsmót og Bikarkeppni liða, þar sem fram kemur að sekta skuli það lið sem ekki mætir til leiks um a.m.k. því sem nemur tvöfaldri brautarleigunni.

Úrskurðarorð

ÍR-KLS greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 14.000

Leikmönnum ÍR-KLS, þeim Arnari Sæbergssyni, Árna Geir Ómarssyni, Ásgeiri Þór Þórðarsyni, Stefáni Claessen, Magnúsi Magnússyni og Andrésemi Páli Júlíussyni, er hverjum og einum veitt 2 refsistig.

Ólafur Páll Vignisson, formaður aganefndar

Sigríður Klemensdóttir

Guðmundur Sigurðsson